

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 19. september 2007 í máli nr. Q-6/2006:

A

B

gegn

C

I

Málið barst dóminum 6. júní 2006 var þingfest 13. október sama ár. Það var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 30. ágúst sl.

Sóknaraðilar eru A og B, búsett í Englandi.

Varnaraðili er C

Sóknaraðilar krefjast þess að erfðaskrá X og Z ....dætra frá 17. desember 2001 verði metin ógild. Þá er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað og sér úrskurðaður málskostnaður.

II

Málavextir eru þeir að með úrskurði 28. október 2005 var bú M, er látist hafði 26. ágúst sama ár, tekið til opinberra skipta og skiptastjóri skipaður. M átti 6 börn og eru aðilar málsins þrjú þeirra. Þá átti hún tvær systur og einn hálfbróður, en hann kemur ekki frekar við sögu þessa máls. Systur M voru þær X og Z dætur sem báðar voru ógiftar og barnlausar. Z lést 6. júlí 2003 og X 21. apríl 2005. Þær höfðu gert sameiginlega erfðaskrá 11. ágúst 1977 og samkvæmt henni skyldi sú þeirra, er lengur lifði, erfa hina. Aftur gerðu þær systur sameiginlega erfðaskrá 17. desember 2001 og er meginmál hennar svohljóðandi: “Að okkur báðum látnum skulu allar eigur okkar ganga að öllu leyti til systursonar okkar, C.....” Að öðru leyti gildir erfðaskrá okkar dagsett 11. ágúst 1977.” Erfðaskrá þessi var vottuð af lögbókanda er kom á heimili systranna. Samkvæmt fyrri erfðaskránni tók X allan arf eftir Z og að X látinni tók varnaraðili allan arf eftir hana.

Að X látinni höfðu sóknaraðilar samband við sýslumanninn í Reykjavík og kváðust þá hafa fengið vitneskju um síðari erfðaskrána. Á skiptafundi í búi M16. mars 2006 voru lögð fram læknisvottorð um heilsufar X og vegna þess er þar kom fram

vefengdu sóknaraðilar erfðaskrána frá 17. desember 2001. Aðrir erfingjar M studdu hins vegar kröfu varnaraðila um að hann einn væri erfingi samkvæmt erfðaskránni, en hafa ekki að öðru leyti látið málið til sín taka.

Málið barst dómnum eins og að framan segir, en langan tíma tók að afla gagna um heilsufar X og þess vegna dróst meðferð þess. Ágreiningur aðila er um það hvort X hafi verið hæf til að gera erfðaskrána 17. desember 2001, en ekki er til umfjöllunar hvort Z hafi verið hæf til þess og er það ágreiningslaust.

Meðal gagna málsins eru vottorð tveggja lækna um heilsufar X. Annar þeirra, Jón Snædal yfirlæknir á Landakoti, sá X fyrst í febrúar 2003 og var læknir hennar þar til hún útskrifaðist og flutti á Skjól til framhaldsdvalar í byrjun janúar 2004. Upplýsingar, sem læknirinn byggði vottorð sitt á, voru fengnar úr sjúkraskrá X en hún kom fyrst á minnismóttöku öldrunarlækningadeildar í mars 2001 og var læknir hennar þá Björn Einarsson. Niðurstaða Jóns um X er svohljóðandi: “Af gögnum er ljóst að við fyrstu skoðun í mars 2001 var X komin með glögg einkenni Alzheimers sjúkdóms. Þessi sjúkdómur hafði verið að þróast í nokkur ár og var rætt um að fyrstu einkenni sem aðstandendur tóku eftir hefðu byrjað u.þ.b. 5 árum áður eða á árinu 1996. Einkenni sjúkdómsins voru fyrst og fremst skerðing á minni og skerðing á dómgreind og innsæi. Í því felst að X áttaði sig ekki á þýðingu þeirrar skerðingar sem hún bjó við og taldi að hún gæti séð um sig sjálf og systur sína jafn vel og áður og án nokkurrar aðstoðar. Af því leiddi sömuleiðis að það eftirlit sem hún þurfti á að halda olli hjá henni tortryggni því hún skyldi ekki af hverju hún þyrfti á því að halda. Ljóst er að á þessum tíma (í mars 2001) gat hún ekki séð um fjárskuldbindingar né gert sér grein fyrir þýðingu þeirra. Líklega hafði svo verið um nokkurt skeið en hversu lengi verður ekki fullyrt af fyrirliggjandi gögnum.”

Hinn læknirinn, Haraldur Dungal heimilislæknir, sá X fyrst er hún kom til dvalar á Skjóli í byrjun janúar 2004. Hann byggði vottorð sitt á eigin skoðun og gögnum sem fylgdu henni frá Landakoti. Þá er í vottorðinu gerð grein fyrir heilsufari hennar allt þar til hún lést. Ekki er þörf á að gera frekari grein fyrir þessu vottorði.

Þá er meðal gagna málsins sjúkraskrá X frá öldrunarlækningadeildinni á Landakoti, skráð af Birni Einarssyni öldrunarlækni. Verða meginatriði hennar nú rakin.

Fyrst er skráð 7. mars 2001 að hún komi á minnismóttöku að beiðni heimahjúkrunarkonu. “X er eitthvað farin að gleyma og það byrjaði við 73 ára aldur. Hún hefur farið hægt og sígandi af stað og einnig versnað hægt og sígandi. Hún er með mikla skammtíma minnisskerðingu en langtímaminnið er ágætt. Hún er líka með nefnimálstol og orðgleymsku og spurningu um eitthvað verkstol. Hún er með mikið skert innsæi á eigið ástand. Eitthvað ber á tortryggnishugmyndum. Engin lyf.” Líkamleg heilsa hennar er hins vegar góð og hvorki ber á þunglyndi né kvíða. Síðan segir: “Skoðun: Vittrænt: MMSE 22, hún er ekki fulláttuð á stað og stund og nýminni 1 af 3. Hún getur ekki teiknað en útskýrir málshætti ágætlega. Orðaflæði eru 5 dýr á 60/sek og 6 S-orð.” Loks segir: “Hún er með klára minnisskerðingu og innsæisskerðingu og dálitlar tortryggnis hugmyndir. Hún funkerar ekki nema með aðstoð systur sinnar en hún keyrir bíl og eldar og kaupir inn. Líklegast er hér um byrjandi Alzheimers sjúkdóm að ræða og fer í tölvusneiðmynd og SPECT og kemur aftur og fer líklega á Aricept.” 10. maí sama ár er bókað að myndgreining sýni Alzheimers sjúkdóm með smá æðakölkun periventriculert. Henni er ávísað lyfið Aricept og gert ráð fyrir að hún komi aftur

eftir 3 mánuði. X kom aftur til Björns 13. ágúst 2001 er þá skráð að hún hafi tekið lyfið allan tímann og er haft eftir Hrefnu, systur hennar, að hún sé betri. Síðan er skráð: “Það sést einnig að það er betra á MMSE eða 26/30 en minnishlutinn hefur ekki batnað.” Gert var ráð fyrir áframhaldandi töku lyfja og endurkomu í desember. Ekki varð af endurkomu og er næst skráð um heilsufar X í byrjun október 2002, en þá hafði hún ekki tekið lyfið um nokkurn tíma og vildi í fyrstu ekki koma á móttökuna. Síðar í mánuðinum kemur hún og hefur henni þá greinilega versnað, en ekki er þörf á að gera nánari grein fyrir heilsufari hennar, enda þá komið fram yfir þann tíma er erfðaskráin var gerð.

### III

Sóknaraðilar byggja á því að X hafi skort andlegt hæfi til að gera erfðaskrána 17. desember 2001, sbr. 2. mgr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Hún hafi ekki verið svo heil heilsu andlega að hún hafi verið fær um að gera hana á skynsamlegan hátt. Vegna þessa annmarka X sé erfðaskráin ógild hvernig svo sem heilsufari Z hafi verið háttáð. Þá er á því byggt að erfðaskráin endurspegli ekki vilja systranna, enda ekkert sem bendi til þess að þær hafi viljað að varnaraðili yrði einkaerfingi þeirra.

Varnaraðili byggir á því að erfðaskráin sé vottuð af lögbókanda sem hafi staðfest með vottorði sínu að hún sé formlega gild og þar með að systurnar hafi verið hæfar til að gera erfðaskrá. Þessu vottorði lögbókandans hafi ekki verið hnekkt. Einnig er á því byggt að samkvæmt gögnum málsins sé ljóst að efni erfðaskrárinnar sé í samræmi við vilja systranna.

### IV

Nú verður rakinn framburður aðila og vitna eftir því sem þurfa þykir.

Sóknaraðili, A ....fræðingur, bar að hún hefði fyrst fengið vitneskju um erfðaskrána skömmu eftir andlát X. Hún kvað Z hafa hringt í sig í desember 2001 og verið mikið niðri fyrir og hafi hún farið og heimsótt þær systur. Þegar hún kom á heimili þeirra hafi Z verið kjökrandi, en X meira í sínum heimi, farandi með vísur. Z hafi spurt sig kjökrandi hvernig allt myndi fara og sagt síðan “að hann C... lofaði að skipta jafnt”. Hún kvaðst hafa sagt þeim að þær ættu frænda, .....Á lögfræðing, sem liti til þeirra og hún myndi biðja hann að koma við hjá þeim. Á hafi heimsótt þær og sagt sér síðan að þær hafi ekki rætt neitt um erfðamál við hann. Þetta hafi síðan rifjast upp fyrir sér þegar hún sá erfðaskrána og hvenær hún var dagsett. Sóknaraðili kvaðst hafa vitað af fyrri erfðaskránni og að þær hefðu arfleitt hvor aðra, en ekki heyrt talað um að varnaraðili myndi erfa þær. Hún kvað varnaraðila hafa farið í fóstur til ömmu þeirra, en systurnar hafi þá búið þar hjá móður sinni. Þarna hafi varnaraðili verið í fóstri til 14 ára aldurs. Varðandi andlega heilsu X kvað hún henni hafa verið farið að hraka fyrir sjötugt.

Varnaraðili, sem er læknir með kvensjúkdóma sem sérgrein, bar að hann hafi frá ágúst 1954 og fram yfir fermingu verið á heimili ömmu sinnar og þeirra X og Z og litið á það sem sitt heimili. Eftir að hann flutti til foreldra sinna eftir fermingu hafi hann mikið verið á heimili ömmu sinnar og þeirra systra og hafi það varað alveg þar til hann kvæntist. Hann kvaðst ekki hafa vitað af erfðaskránni er hún var gerð

en hann hafi fengið að sjá hana þegar hann heimsótti þær næst eftir að hún var gerð. Hann hafi hins vegar vitað um það allt frá 1987 að hann myndi erfa þær. Þær hafi rætt það við hann, en hann kvaðst lítið hafa viljað ræða þessi efni við þær. Hann kvað X hafa verið heilsuhrausta líkamlega en hún hafi verið farin að verða gleymin, en henni hafi ekki farið að hraka andlega fyrr en Z fór á sjúkrahús um mitt ár 2002. Varnaraðili var skipaður ráðsmaður þeirra systra 16. júní 2003.

Jón Snædal öldrunarlæknir staðfesti framangreint vottorð sitt og þar með að hann hefði ekki séð X fyrr en í febrúar 2003. Upplýsingar varðandi heilsufar hennar fyrir þann tíma hefði hann fengið úr sjúkraskrá X. Ekki er ástæða til að rekja framburð Jóns frekar.

Haraldur Dungal læknir staðfesti framangreint vottorð sitt, en ekki er ástæða til að rekja framburð hans frekar.

Björn Einarsson öldrunarlæknir tók á móti X á minnismóttöku í mars 2001 og skráði framangreinda sjúkraskrá sem hann staðfesti að hafa ritað. Hann hafi greint hana með byrjandi Alzheimers sjúkdóm sem hafi aðallega verið minnistap og hún hafi ekki verið fyllilega áttuð á stað og stund og enn fremur með skert innsæi í eigið ástand. Hún hafi verið vör um sig og með tortryggishugmyndir. Þrátt fyrir þetta hafi ástand hennar ekki verið verra en það að hún hafi ekið bifreið og verslað til heimilisins. Eftir að systir hennar fór á sjúkrahús gat hún búið ein með aðstoð heimahjúkrunar. Björn kvað hana klárlega hafa verið með vitræna skerðingu og klárlega með Alzheimers sjúkdóm á þessum tíma. Hann hafi sett hana á lyf við sjúkdómnum og hafi hún svarað þeim vel, minnið hafi batnað og hún verið betur áttuð. Hann kvaðst hafa séð hana í maí 2001 og aftur í ágúst sama ár og hafi henni þá batnað. Hann hafi síðan ekki séð hana fyrr en í október 2002. Björn lýsti sjúkdómi X sem hæggengum og hafi henni farið hægt aftur. Aðspurður hvort X hefði verið fær um að gera sér grein fyrir fjárskuldbindingum í desember 2001 kvað Björn ekki vera hægt að svara því af eða á, en að einhverju leyti hefði hún alveg getað gert það. X hafi verið vör um sig og með tortryggishugmyndir sem fylgi Alzheimers sjúkdómnum en þrátt fyrir það hafi ekki verið hægt að fá hana til að gera hluti sem hafi verið á móti siðferðis- og réttlætiskennd hennar. Hún hafi því getað tekið ákvarðanir sem hafi verið henni að skapi og í samræmi við það er hugur hennar stóð til. Hann kvaðst hins vegar ekki geta borið um það af eða á hvort hún hefði getað gert sér grein fyrir erfðaskránni. Björn kvað X hafa batnað af lyfjunum sem hann ávísaði henni og hafi það sést er hún kom til hans í ágúst 2001. Hann kvað X hafa verið greinilega skerta og með byrjandi Alzheimers sjúkdóm en þrátt fyrir það taldi Björn hana ekki hafa verið það mikið skerta að hún hefði gert eitthvað sem hún hefði ekki gert ef hún hefði verið með fullu viti.

Steinunn Kristinsdóttir hjúkrunarfræðingur sinnti þeim systurum í heimahjúkrun í nokkur ár frá árinu 1997 og kom á heimilið einu sinni í viku. Hún bar að X hafi verið alveg út úr heiminum, eingöngu talað um gamla tímann og ekki munað neitt. Steinunn tók svo til orða að það hafi ekki verið heil brú í því sem hún sagði, ekki hefði verið hægt að halda uppi samræðum við hana í 5 mínútur. Steinunn kvaðst hafa komið því til leiðar, í samráði við Z að X fór á minnismóttökuna á Landakoti. Þrátt fyrir þetta hafi X getað verslað, enda hafi allt verið skrifað niður sem átti að kaupa. Þá hafi hún getað ekið bifreið fyrst eftir að hún kynntist henni. Steinunn kvað þær systur aldrei hafa minnst á erfðaskrá við sig eða hver ætti að erfa þær.

E systir málsaðila, og V bróðir þeirra, báru bæði að það hafi alltaf verið um það rætt í fjölskyldunni að varnaraðili myndi erfa þær systur. Systurnar hefðu líka alla tíð talað þannig að hann myndi erfa þær.

Erla Jónsdóttir lögbókandi vottaði erfðaskrána á heimili systranna að ósk H lögfræðings. Þetta hafi verið í desember og vond færð og þess vegna hafi hún farið til þeirra, enda hafi önnur systranna átt erfitt með gang. Erla kvaðst hafa staðið við í um það bil hálf klukkustund meðan beðið var eftir að H kæmi með erfðaskrána. Meðan hún beið hafi þær ræðst við um jólagjafir og smákökubakstur og hún drukkið með þeim kaffi og borðað smákökur. Hún lýsti þeim sem afskaplega venjulegum fullorðnum konum og ekki merkti hún að nokkuð væri að þeim andlega. Þær hafi vitað til hvers hún væri komin og höfðu skilríki tilbúin. Þegar H kom með erfðaskrána hafi systurnar undirritað hana og að því búnu fór Erla.

H lögfræðingur og tengdadóttir varnaraðila, bar að hún hafi samið erfðaskrána að beiðni systranna, en ekki mundi hún hvor þeirra hafi beðið hana um það. Áður höfðu þær margoft nefnt við sig að varnaraðili ætti að erfa þær. Það hafi hins vegar verið mjög skömmu áður en erfðaskráin var gerð sem þær báðu hana um að semja hana. Hún bar að þær hafi haft nokkrar áhyggjur af gerð erfðaskrárinnar vegna þess að ekki myndu allir verða ánægðir með þessa gerð. H kvaðst hafa komið erfðaskránni til systranna áður en lögbókandi kom á heimilið, en ekki komið með hana sama daginn. Þegar hún kom á heimilið hafi þær verið búnar að undirrita erfðaskrána og lögbókandinn að votta hana.

M bjó í sama húsi og systurnar frá því í desember 1999 og þar til þær fóru á sjúkrahús. Eiginkona varnaraðila er hálf systir barnsföður M. Hún kvaðst hafa haft allnokkur samskipti við þær og fannst henni þær vera hressar gamlar konur. Þær hafi rætt við sig um varnaraðila og vísað til hans sem uppeldissonar síns, en erfðaskrá hafi ekki borið á góma að öðru leyti en því að þær hafi sagt að varnaraðili ætti að fá allt eftir þeirra dag. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við ellinglöp hjá systrunum fyrr en síðasta árið sem X lifði. Sérstaklega spurð um ástand X árið 2001 kvað hún hana ekki hafa borið nein merki um ellinglöp þá.

Á, lögfræðingur og frændi þeirra systra, bar að sóknaraðili, A, hafi haft samband við sig og beðið sig um að líta til systranna, en ekki mundi hann nákvæmlega af hvaða tilefni það átti að vera. Ekki mundi hann heldur hvenær það var. Hann kvaðst hafa farið til þeirra en þær ekki borið upp við sig erindi. Hann kvaðst hafa haft allnokkur samskipti við þær systur og hitt þær að jafnaði mánaðarlega, en aldrei rætt við þær um fjármál og þær ekki beðið hann um aðstoð við slíkt. Þær minntust aldrei á erfðaskrá eða erfðamál við hann. Spurður um andlegt heilsufar X á árinu 2001 kvað hann henni hafa verið farið að hraka en hvort það hafi verið heilabilun eða eitthvað annað gat hann ekki borið um. Hún hafi verið að endurtaka það sem hún hafi verið nýbúin að segja en hægt hafi verið að ræða við hana með því að nálgast hana á hennar forsendum og með því að vera upplifgandi í samræðum.

Það er meginmálsástæða sóknaraðila að X hafi ekki verið svo heil heilsu andlega 17. desember 2001 að hún hafi verið fær um að gera erfðaskrá á skynsamlegan hátt. Vísa þeir aðallega til þess sem fram kemur í læknisfræðilegum gögnum og rakið var hér að framan.

Í sjúkraskrá X kemur fram að hún kom til skoðunar 7. mars 2001 og er þá skráð að hún sé “með klára minnisskerðingu og innsæisskerðingu og dálitlar tortryggnis hugmyndir. Hún funkerar ekki nema með aðstoð systur sinnar en hún keyrir bíl og eldar og kaupir inn. Líklegast er hér um byrjandi Alzheimers sjúkdóm að ræða ...” 10. maí sama ár er bókað í skrána að niðurstaða myndgreiningar sýni byrjandi Alzheimer sjúkdóm með smá æðakölkun. Björn Einarsson öldrunarlæknir sem skoðaði X og ritar sjúkraskrána, bar að hann gæti ekki kveðið upp úr með það hvort hún hefði verið fær um að gera erfðaskrá í desember þetta ár eða ekki, eins og rakið var hér að framan. Við mat á því hvort X hafi verið hæf til að gera erfðaskrána verður hins vegar ekki alfarið byggt á læknisfræðilegum gögnum og framburði lækna heldur lagt mat á framburð vitna, en skýrslur aðila koma ekki til álita við úrlausn málsins. Á sama hátt verður ekki byggt á framburði systkina aðila, tengdadóttur varnaraðila eða nágrannakonunni X sem tengist varnaraðila eins og rakið var.

Erla Jónsdóttir lögbókandi bar að hún hefði ekki orðið vör við neitt athugavert við andlega heilsu systranna þegar hún vottaði erfðaskrána. Steinunn Kristinsdóttir hjúkrunarkona sem var tengd heimili systranna í nokkur ár, eins og rakið var, bar hins vegar að X hefði verið “út úr heiminum” og minnislaus þótt hún hafi getað gert vissa hluti eftir fyrirmælum. Það var Steinunn sem kom því til leiðar að X fór á minnismóttöku Landakots í mars 2001. Á, lögfræðingur og frændi þeirra systra, bar að X hafi verið farið að hraka andlega á árinu 2001, hún hafi verið að endurtaka það sem hún var nýbúin að segja og ekki hafi verið sama hvernig rætt var við hana. Þessu til viðbótar verður að líta til niðurstöðu í vottorði Jóns Snædal, sérfræðings í öldrunarlækningum, sem tekin var upp í II. kafla. Þótt Jón hafi ekki skoðað X fyrr en eftir að hún gerði erfðaskrána verður ekki hjá því komist að taka tillit til álits hans.

Þegar framangreind læknisfræðileg gögn eru virt er það niðurstaða dómsins að X hafi verið haldin ellihrörnunarsjúkdómi í mars 2001. Ekkert bendir til þess að henni hafi batnað frá þeim tíma og fram í desember á sama ári þegar hún gerði erfðaskrána. Framburður vitnanna, Steinunnar og Á, bendir og í þá átt að andlegri heilsu hennar hafi þá verið farið að hraka. Vitnið Erla þekkti hana ekki og mun aðeins hafa verið á heimili systranna í um hálfu klukkustund. Að því athuguðu, svo og því að alkunna er að fólki með Alzheimers sjúkdóm tekst oft að leynd honum, telur dómurinn framburð Erlu ekki hnekkja framburði þeirra Steinunnar og Á

Samkvæmt framanrituðu er það niðurstaða dómsins að X hafi, vegna ellihrörnunarsjúkdóms, ekki verið fær um að gera erfðaskrá á skynsamlegan hátt 17. desember 2001 og ber þegar af þeirri ástæðu að verða við kröfu sóknaraðila og fella erfðaskrána úr gildi. Ágreiningslaust er í málinu að Z hafi verið andlega heilbrigð á þessum tíma, en það breytir ekki ógildi erfðaskrárinnar. Málskostnaður skal falla niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

### **Úrskurðarorð**

Erfðaskrá sem Z og X gerðu 17. desember 2001 er ógild.

Málskostnaður fellur niður.

Arngrímur Ísberg